

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.09.21
Málalykill	11.0
Mál nr.	2109350



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 10. september 2021
Tilvísun: 6231 / 202104-0044

Erindi: Litlabæjarvör 4, undirbúningur friðlýsingar

Minjastofnun Íslands hefur ákveðið að hefja undirbúning tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra að friðlýsingu íbúðarhússins að Litlabæjarvör 4 á Álfanesi, 225 Garðabæ (fastanr. 2081564). Tillagan var lögð fyrir fund húsafriðunarnefndar 10. ágúst 2021 sem styður friðlýsingartillöguna.


Samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 má friðlýsa þau hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

Lagt er til að friðlýsingin taki til ytra borðs hússins og frágangs gólfs, lofts og veggja í stofurými og miðjugangi innan dyra.

Í samræmi við 19. gr. fyrrnefndra laga leggur Minjastofnun Íslands meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í skilmálunum kemur fram rökstuðningur Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögunni.

Með vísan til 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, er yður hér með gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við friðlýsingartillöguna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum. Minjastofnun Íslands væntir svars yðar eigi síðar en föstudaginn 15. október n.k. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að þér hafið ekki athugasemdir fram að færa við tillögu að friðlýsingu garðsins.

Virðingarfyllst,
f. h. Minjastofnunar Íslands


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Samrit:
Guðríður Tómasdóttir og Guðni Pálsson
Skipulagsstjóri Garðabæjar, Arinbjörn Vilhjálmsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026